



# fréttabréf

1. töl 7. árg. Apríl 2004

**K  
a  
y  
a  
k  
k  
l  
ú  
b  
b  
s  
i  
n  
s**



**Gott er að eiga góðan róðrarfélaga!**

## Frá formanni

Undanfarin ár hefur verið mikill uppgangur í kayaksporti hér á landi, reyndar svo mikill að við sem höfum verið í forsvari fyrir klúbbinn höfum ekki þurft mikið að hafa fyrir kynningamálum, en á síðasta ári virðist sem hægt hafi á þessari miklu fjölgun. Ljóst er, að til að halda fengnum hlut þurfum við nú öll að leggja okkur harðar fram til að gera kayakróður en meira spennandi til að laða að nýja þátttakendur og eins að hald áhuga þeirra sem eru að róa í dag.

Hluti af þessu máli er að skapa félaginu betri aðstöðu. Tvö ár hefur tekið okkur að koma upp bráðabyrgðar aðstöðunni á Geldinganesinu og er hún nú að verða tilbúin, nú er bara að herða róðurinn í að fá samþykki fyrir endanlegri aðstöðu þarna. Uppbygging í Nauthólsvík hefst í haust og er gert ráð fyrir að sá hluti sem við fáum afnot af verði tilbúinn 2006 og þá um leið verðum við að rýma gamla húsið.

Ferðir á vegum klúbbsins eru með nokkuð hefðbundnum hætti, bætt verður inn nokkrum styttri ferðum. Keppnir sumarsins breytast lítillega þar sem á þesari stundu er ekki ljóst hvort Lagarfoss-Rodeoið og kappróðurinn í Eyvindará verði, en í þess stað verður kepp hér fyrir sunnan í Þórsánni og Tungufljóti. Nú verður í fyrsta skipti krýndir Íslandsmeistarar.

Á Nauthólsvíkurdaginn 15. maí, verðum við með opið hús, verða þarna vonandi allir söluaðilar á kayakum og eins geta menn komið með gamla búnaðinn og selt á staðnum eða skipt á öðru dóti. Nú verða kafarar og Siglunes með opið hús á sama tíma, sem kemur vonandi til með að draga að meira fólk.

Endur hönnun á heimasíðunni er í fullum gangi og verður vonandi opnuð innan skamms og þá á slóðinni [www.kayakklubburinn.is](http://www.kayakklubburinn.is)

Vona ég að allir eigi gott kayaksumar, en það er vitanlega undir okkur sjálfum komið.

Þorsteinn Guðmundsson  
[kayak@islandia.is](mailto:kayak@islandia.is)

## Stjórn félagsins

Þorsteinn Guðmundsson formaður  
[kayak@islandia.is](mailto:kayak@islandia.is)  
Baldur Pétursson varaformaður  
[draumur@simnet.is](mailto:draumur@simnet.is)  
Guðmundur Breiðdal gjaldkeri  
[gbb@itn.is](mailto:gbb@itn.is)  
Björn Traustason ritari  
[bjornr@landspitali.is](mailto:bjornr@landspitali.is)  
Jóhann Ragnar Kjartansson  
[joioagnina@islandia.is](mailto:joioagnina@islandia.is)  
Guðmundur Jón Björgvinsson  
[gjb@simnet.is](mailto:gjb@simnet.is)

## Nefndir og tengiliðir

### Keppnisnefnd.

Þorsteinn Guðmundsson [kayak@islandia.is](mailto:kayak@islandia.is)

### Ritnefnd.

Björn Traustason [bjornr@landspitali.is](mailto:bjornr@landspitali.is)

### Unglinganefnd.

Sigurjón Þórðarson [Sigurith@ismennt.is](mailto:Sigurith@ismennt.is)

### Húsnæðisnefnd.

Jóhann R Kjartansson [joioagnina@islandia.is](mailto:joioagnina@islandia.is)

### Ferðanefnd.

Jón Ágúst Guðjónsson, formaður [jag@simnet.is](mailto:jag@simnet.is)

### Sundlauganefnd.

Guðmundur Jón Björgvinsson [gjb@simnet.is](mailto:gjb@simnet.is)

### Holunefnd.

Hilmar Þór Kristinsson [hilmar@icehotel.is](mailto:hilmar@icehotel.is)

### Skemmtinefnd.

Guðmundur Jón Björgvinsson [gjb@simnet.is](mailto:gjb@simnet.is)



## Starfið frá áramótum

Menn hafa verið duglegir að róa frá **Geldinganesinu** og hefur ekki fallið niður einn einasti laugardagsmorgun frá áramótum, reyndar urðu menn að gefast upp í eitt skiptið við norðanvert Geldinganesið



vegna storms og komu gangandi yfir nesið bátlausir.

Af Korkinum;

Það viðraði vel til kayakróðra frá Geldinganesiðinu nú í dag þ. 25.janúar 2004.

Það var nánast logn og -5 °C frost. Ég ætlaði að róa kringum Geldinganesið og hóf róðurinn Leiruvogsmegin frá eiðinu. Þegar ég kom að Norðurnesinu þá blasti við mikill rekis sem virtist spanna sunðið milli Geldinganes og Lundeyjar og var á verulegri ferð í útfallsstraumnum, en vakir á milli rekisflekanna.

Ég vil aðeins benda ræðurum á að varast að hætta sér inn í svona rekis.... Það er mikil hætta á að lokast mjög snögg inni. Þarna voru miklir kraftar á ferð. Ég snéri frá í tíma. Þessi mikli rekis var greinilega ættaður innan úr Leiruvogi og hafði losnað í sjávarföllum.

Mikið af sel er núna á skerjunum kringum Leiruvogshólma, ég taldi 9 stk í hóp kv. SH

**Sundaugaæfingar** eru nú öll þriðjudagskvöld kl 21:30 og verður þannig út maí. Á þessum æfingum er gott tækifæri fyrir félagsmenn að mæta og æfa eitt og annað, svo sem félagabjörgun og eða veltur.

Af Korkinum;

*Guðmundur:*

Hvernig er það með sundaugaræfingarnar, er glænýjum félögum óhætt að mæta á þær til að reyna að læra eitthvað eða er þetta meira fyrir vana menn?

*Einar:*

Sæll Guðmundur láttu endilega sjá þig mæting kl:21,00 Það fer ekki fram kennsla á þessum æfingum en það eru örugglega allir tilbúnir að aðstoða ef þörf er á.

*Gummi:*

Það má kannski bæta við þetta að fólk sem er ekki í klúbbum ætti að hafa með sér Fimm hundruð kall því það er aðgangseyririnn fyrir utanfélagsmenn og konur

*Friðrik:*

Getur maður komið þótt maður hafi aldrei prófað einu sinni? Mig langar mjög mikið að prófa þetta.

*Bragi:*

Já, ekkert mál bara mæta eins og þú sért að fara í sund og með fimmhundruð kall ef þú ert ekki í klúbbum. Þú færð lánaðan bát og ár og svuntu og við hjálpum þér a flot. vertu velkominn. ef þú hefur spurningar þá bara skjóttu. Getur líka hringt í mig í síma 8675963.

Erfiðara hefur verið að stunda æfinga í **Elliðaánum** yfir veturinn vegna breytts keyrslutíma Rafstöðvarinnar.

*Bragi Sjóhundur á Korkinum;*



Nei nei nei nei nei þetta er ekki myndið.....for i annað skipti i Elliðaárholuna i dag 3. mars og náði með ótrúlegri þrjúsku að rústa PRIJON SKÓFLUÁRINNI minni sem ég helt að ég myndi aldrei ná að rústa .....

kom sjálfum mér verulega á óvart þarna og synti í þokkabót eftir að hafa pinnað annað blaðið fast í botninn og af þrjósku minni hélt ég í árina. Þældi lengi hvort ég ætti að sleppa en vildi ekki sleppa árinni. Endaði svo með því að ég var alveg búinn með loftið og þá losnaði helv.. árin og ég beilaði og synti af því líkri gleði og hamingju, alltaf hollt að synda. En árin ber ekki sitt barr. Blaðið bognaði undan álaginu þegar hún pinnaðist. en kallinn náði að cartvíla 1 og hálfan hring loksins eftir mikið puð. og var þokkalega sáttur við það.gaman að þessu.



## Hvítárvatn – Karlsdráttur

Ein af ferðum Kayakklúbbsins s.l. sumar var á Hvítárvatn í lok ágúst. Farið var á laugardagsmorgni inn yfir Bláfellsháls



*Tryggvi Már og Norðurskriðjökullinn í baksýn*

(góður vegur) og við vorum samferða þrjár ferðafélagar og hefðum mátt vera fleiri. Við brúna upp við Hvítá er áin lygn og gott að hefja róður upp ána gegn mildum straumi sem smá hverfur á 1-2 km. Við vorum þá komnir upp á lygnt vatnið í fallegu veðri með frábæru útsýni á Langjökul, Skriðufell, Leggjabrájót, Hrutafellið og svæðin austan

vatnsins þar sem Kerlingarfjöll og Hofsjökull blöstu við. Áð var á fallegu nesi þar sem greinilega hafði verið gæsa-varp fyrr um sumarið og svo róðið yfir vatnið að skriðjöklinum sem gengur fram í vatnið. Talsvert hrinur úr jöklinum og hann er hrikalegur ásýndar. Framan við jökulinn á vatninu eru fjölmargir jakar sem gaman er að skoða og við komumst nokkuð nálægt jökulröndinni.

Svo var haldið inn í Karlsdrátt, sem er lítil vogur rétt austan jökulsins. Þar er gott skjól, fallegur



*Tjaldbúðir í Karlsdrætti*

tær lækur og lítil tjörn og smávellir grónir birki og lyngi sem var fullt af berjum. Kayak er upplagt farartæki til að komast á þennan magnaða og sjaldséða stað. Alls munu um 80 tegundir jurta hafa fundist þarna. Við



### *Morgunstemming í Karldrætti*

nú á að fara aðra ferð á sama tíma í sumar, 28.-29. ágúst, og fylla öll ílát sem komast í og ofan á bátana af berjum.....

Væri ekki upplagt að koma með ?

*Reynir Tómas  
Myndir Sævar Helgason*

tjölduðum og í kvöldkyrrð sem rofin er af einstaka brestum úr skriðjöklinum var gengið upp í Leggjabrjót.

Næsta dag var róið fram hjá skriðjöklinum á ný og með Skriðfellinu þar sem finna má fallega vík, niður með vatnsbökkunum vestan megin og flotið niður ána að bílunum. Dagleiðin var mjög hæfileg og



*Róið heimleiðis. Farið er að þykkna í lofti . Mögnuð stemming.*

## Hvað er betra en KCF á Landrover?

Eins og flestir kayakmenn vita er KFC ekki bara erfðabreyttir kjúklingar heldur hópur fullfrískra ungra sveina sem hafa yndi af því að smella sér í ógandi fossa og flúðir.

Hópur þessi er skipaður mönnum á borð við Hr. Möller, Elmis, Hundinum, Johnny og Norska gimpinu Johan. Fyrir þá sem ekkert vita leggur KFC mikið upp úr því að uppgötva nýtt hvítt vatn víðsvegar um landið og telja greinarhöfundar þá hafa áorkað töluvert í þeim efnum. En hvað er það sem fær mann til að eyða öllum sínum peningum í olíufélögin og dröslast þvert og endilangt um landið í handónýtum bíldrúslum? Það á eftir að koma í ljós!!!!

Við hefjum ferðina á roadtrippi sem farin var síðasta sumar. Það var að kvöldi til 1. júlí sem Hr. Möller lá undir Landrovernum og gerði hann kláran fyrir 10 daga roadtrip með viðkomu á Lagarfossrodeo á Egilsstöðum .



Að venju voru menn hressir og mikill eftirvænting því planið var að róa nýjar Ár og fossa bæði fyrir og eftir rodeo. Eyjafjörðurinn tók vel á móti okkur undir leiðsögn Johans og Norðanheiðars. GarðsÁin með sínar snilldar flúðir og erfiðir fossar DjúpadalsÁr voru merki þess sem vænta mátti í þessu roadtrippi. Tvö sund, tvö face plönt og ótal tæpar línur hituðu menn vel upp.

Egilsstaðir voru næstir á dagsskrá. Þar var planið að taka þátt í Extreme river race og Lagarfossrodeo en til þess að komast í góðan filing smelltum við okkur í GilsÁ sem er vatnslítill brattur creek. Ekki er að því að spyrja að liðsmenn KFC skemmtu sér konunglega á þessu stærsta riverfestivali landsmanna og yfirgáfu svæðið með bros á vör hlaðnir verlaunapeningum og bikurum.

Ekki þarf að leita langt að góðu vatni þegar Austur er komið og komum við fljótt að girnilegri Á sem rann niður í Reyðarfjörð og líklega aldrei verið róin. Þegar við stóðum við þjóðveginn á typpinu með rassinn úti loftið í 4°C breyttist Hundurinn skyndilega í kisu og ákvað að verða shuttle bitch þann daginn. Eftir að Elmis hafði synt í fyrstu flúðinni var ljóst að hér var alvöru Á

á ferð. Þegar niður var komið óskaði Hundurinn þess heitast að hafa skilið kisuna eftir heima og verið með okkur í hasarnum því Áin var kröfuhörð og tæknileg og með þeim betri sem KFC höfðu farið. Til



Jón Heiðar

Elli

að innsigla Austfirðina varð hópurinn að líta við í FjarðarÁ. Þessi snildarÁ sem fellur niður 800m á einungis 3km er yfirfull af fossum en langt því frá að vera allir færir en samt virðast alltaf fleiri og fleiri verða færir því oftast sem maður kemur.

Eftir að hafa hlustað á Hr. Möller og Johan grenja endalaust yfir mynd sem þeir sáu í bók var stefnan tekin á Langanes, nánar tiltekið HafralónsÁ. Eitthvað virðast nú menn hafa gleymt þessu heimska andarnefi þarna lengst úti anal, fjarri siðmenningu og nútíma því 20km akstur á illfærum slóða í grófustu óbyggðum tók hátt á 3ja tíma. En það var vel þess virði því þegar á gljúfur-barminn var komið tók á móti okkur þessi fagri foss Laxfoss að nafni. Töldu menn hann vel færan og skriðu ú svefnpokann með fiðring í maganum, fullir tilhlökkunar fyrir næsta dag. Ekki var aðkoman að

fossinum fyrir viðvanga því síga þurfti 30m ofaní gljúfrið til að komast í Ánna. Eitthvað virtist sigið trufla meltinguna hjá mönnum því Hundurinn ældi eins og Múkki enda hans fyrsta sig. Ekki létu menn það nú aftra sér því engir aumingjar eru í KFC. Fossinn var geðveikur og var þetta skrölt vel þess virði og höfum við heyrt að fleira gourmet sé innar í gljúfrinu.

Á leið aftur til Akureyrar var komið við í JökulsÁ á fjöllum og fengið sér smá smakk af big volume niður að Hljóðaklettum. Þegar á Akureyri var komið frétti annar greinarhöfunda að Ríkið vildi fá peningana sína og þurfti hann að smella sér til Reykjavíkur og sýna Sýslumanni framá eignarleysi sitt. Þetta kalla menn víst fjárnám. Restin af KFC hélt þó uppi fyrri störfum og luku ferðinni með glæsilegum fossi í ÞverÁ í Öxnardal.

Nú geta glöggir séð hvað fær menn til þess að rífa sig upp í morgunsárið í leit að nýjum ævintýrum. Aldrei veit maður hvað kemur, geðveik Á, foss eða brjáláður veiðivörður. En eitt er víst að í góðum kristilegum félagsskap er alltaf gaman.

Þessi ferð var fest á filmur og er hægt að nálgast þær á slóðinni;

[www.pbase.com/orelime/johans\\_pictures](http://www.pbase.com/orelime/johans_pictures) og úr fleiri ferðum KFC á [www.birkir.com](http://www.birkir.com)

Nú er nýtt sumar að hefjast og er KFC löngu komnir í girinn og ber þar hæst Fossá í Þjórsárdal og Stóra Laxá í 70m³ --MONSTER vatni en um þá ferð fáid þið lesendur góðir að vita nánar um í næsta fréttablaði Kayakklúbbsins.

Gleðilegt sumar!  
Jón Heiðar og Alli

Ljósmyndir; Johan  
Myndir eftir hann



hafa byrst í  
Playboating

## Dagskrá 2004

30. apríl verður hið hefðbundna Elliðaár-Rodeo kl 14:00.  
8. maí kl 11:30 verður svo ræst í Reykjavíkurbíkar kl 11:00  
Róður í Nauthólsvík/Geldinganes færirst á fimmtudagskvöld.  
12. Maí félagsfundur,  
15. maí, hátíð í Nauthólsvík.  
22. maí, sjó- og straumvatnsmenn sameinast í Hvítárferð.  
28.- 31. maí, sjókayakmót Eiríks-Rauða í Stykkishólmi.  
30. maí, sprettróðrarkeppni í Stykkishólmi.  
11. - 13. júní, nýliðaferð í Galtalæk.  
23. júní, Jónsmessumót í Hvammsvík.  
25. – 26. júní, kappróður í Tungufljóti og Þjóssár-Rodeo.  
25. júní –2. júlí, *Flatey og Breiðafjarðareyjar*  
2. - 4. júlí, sjókayak mót í Straumfirði.  
8. – 11. júlí, vatnagleði í Skagafirði um leið og landsmótið.  
9. – 16. júlí Sjókayakmót á Neskaupstað.  
16. - 25. júlí, Ísafjörður.  
24. júlí Keppni á Ísafirði.  
Seint í Júlí. Fellaströnd  
13. – 15. ágúst, Langisjór.  
28.-29. Ágúst Hvítárvatn.  
4. sept., Hvammsvíkurmaraðon.  
Róður í Nauthólsvík/Geldinganesi færirst á laugardaga.  
18. sept. Þingvallavatn.  
Haustfundur, ódagsettur.

Dagskrá þessi gæti breyst, því ráðleggjum við ykkur að fylgjast með, það getið þið gert með því að mæta á Geldinganesið á laugardagsmorgnum fram til 8. maí eftir það á fimmtudagskvöldum. Fyrir þá sem ekki hafa greitt félagsgjöld undanfarin ár verða þetta síðustu fréttir til þeirra frá klúbbum, nema þið greiðið síðasta giro-seðil og endurnýjað þar með aðild ykkar. Ef giro-seðillinn er týndur, þá er reikningur félagsins í Íslandsbanka 0527-26-007777, kennitala 410493-2099. Einstaklingsgjald kr. 4.500,- og fjölskgj. er kr 6.000,-

Uppl. um æfingar, námskeið og fleira finnið þið á heimasíðunni okkar

[www.kayakklubburinn.is](http://www.kayakklubburinn.is)